

# Munu þau þekkja launamun kynja?



Fyrirtæki sem mismuna fólki í launum eftir kynferði brjóta lög, sóa verðmætum og standa sig verr í samkeppni á markaði. Það er mikilvægt að stjórnendur haldi vöku sinni og mismuni ekki starfsfólki af gáleysi heldur nýti krafta allra jafnt.

Launamunur kynja á sér margar ástæður og viðhorfsbreytingar er þörf á fjölmörgum sviðum til að vinna gegn honum. Karlar og konur þurfa að bera jafna ábyrgð á heiminu. Foreldrar, skólakerfið og samfélagið allt þarf að stuðla að breytingum á náms- og starfsvali ungmenna til að brjóta upp kynjaskiptan íslenskan vinnumarkað.

Stjórnendur og starfsfólk geta lagt sitt af mörkum til þess að börnin okkar þekki ekki hugtakið *kynbundinn launamunur* þegar þau koma út á vinnumarkaðinn.

Vinum saman.